

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 47/97
frá 10. júlí 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94
frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1712/95 frá 13. júlí 1995 um breytingu á
reglugerð (EBE) nr. 1014/90 um ítarlegar framkvæmdarreglur varðandi skilgreiningu, lýsingu
og kynningu á brenndum drykkjum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr.
1014/90) í XXVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- 395 R 1712: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1712/95 frá
13. júlí 1995 (Stjtið. EB nr. L 163, 14. 7. 1995, bls. 4).”

-

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 163, 14. 7. 1995, bls. 4.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1712/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 10. júlí 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner